

# Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Flóahreppi

## 1. gr

### Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er gera þeim kleift að stunda dagdvöl á Selfossi fyrir aldraða í Grænumörk 5 og í Vinaminni, dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma.

## 2. gr

### Réttur til þjónustu

Akstursþjónustan er fyrir íbúa Flóahrepps, 67 ára og eldri sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu og búa utan stofnana.

Heimilt er að veita einstaklingum, yngri en 67 ára, þjónustu samkvæmt reglum þessum gegn staðfestingu á vistun í Grænumörk 5 eða í Vinaminni.

## 3. gr

### Umsókn um þjónustu

Umsókn um akstursþjónustu skal beint til skrifstofu Flóahrepps. Umsóknir skulu vera skriflegar þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda og í hvaða tilgangi þjónustu er þörf.

Meta skal aðstæður og þörf umsækjanda eftir þjónustu hverju sinni og heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum.

## 4. gr

### Fyrirkomulag þjónustu

Akstursþjónustan er aðeins veitt innan marka sveitarfélagsins Flóahrepps til Selfoss. Akstur er skilgreindur í ferðum og er hver ferð akstur milli tveggja staða en ekki fram og til baka.

Fjöldi ferða er takmarkaður við 6 ferðir í viku.

Farþegar greiða gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Flóahreppi.

## 5. gr

### Synjun

Umsækjendum sem synjað er um ferðaþjónustu skal svarað skriflega þar sem forsendur eru rökstuddar.

## 6. gr

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

*Flóahreppi 16. desember 2009  
Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri*